

S É R Á L I T

- vegna gerðar verksamnings við Útlendingastofnun um klíniska munnholsskoðun, röntgenmyndatöku á tönnum og aldursmat út frá tannþroska við Háskóla Íslands

Við umfjöllun um drög að verksamningi milli Háskóla Íslands og Útlendingastofnunar um aldursmat út frá tannþroska er ágætt að rifja upp hvert hlutverk Háskóla Íslands er. Háskólinn er sjálfstæð menntastofnun en innan hans er samfélag ólíkra fræðigreina, stefna og strauma. Aðalhlutverk og skylda hans gagnvart samfélaginu er að leiða áfram þekkingaröflun og miðla þeirri þekkingu sem þar verður til. Skólinn á í virku samtali við þjóðfélagið á sama tíma og hann gagnrýnir það. Með það að leiðaljósi hefur háskólinn sett sér þrjú grunngildi: akademískt frelsi, jafnrétti auk fagmennsku og metnaðar.

Siðferðilegar spurningar

Við umfjöllun um drög að verksamningi hafa vaknað upp ýmsar siðferðilegar spurningar t.a.m. um samþykki þeirra sem gangast undir læknisskoðunina. Í samræðum við Umboðsmann barna og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands hefur fengist staðfest að ómögulegt sé að fá upplýst, óþvingað samþykki frá fylgdarlausu barni á flótta og að ætla megi að samþykki sem einstaklingur veitir í þvingaðri stöðu sem þessari muni aldrei vera upplýst. Í vísindasiðareglum Háskóla Íslands er gerð rík krafa til rannsakenda¹ um að fá upplýst, óþvingað samþykki. Í þeim segir jafnframt að börn sem ekki geti fengið samþykki foreldris við þátttöku í rannsóknum megi ekki hljóta tjón af rannsókninni og að miðlun rannsóknargagna má ekki skaða þátttakendur, á það sér í lagi við um einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Vísindasiðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi samningsdrög geti, að öllum líkindum, ekki uppfyllt áðurnefnd skilyrði sem sett eru um þátttöku í akademískum rannsóknum innan háskólans. Af hverju ætti háskólinn, sem gerir jafnríka kröfu til sjálfs sín, að gera minni kröfur til þeirra sem óska eftir þjónustu skólans s.í.l. þegar gögn frá skólanum eru nýtt í afdrífuríkum málum eins og afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd?

Við umfjöllun um þetta mál hafa spurningar vaknað hver almenn stefna háskólans er um þjónusturannsóknir og hvort háskólinn myndi gera hvað sem er fyrir hvern sem er. Leiða má líkur að því að síðarnefndu spurningunni yrði svarað neitandi og má því velta fyrir sér hvar mörkin yrðu dregin. Sterk rök eru fyrir því að í tilfellum þar sem þjónustubeiðandi getur ekki uppfyllt sömu kröfur og háskólinn gerir til sjálfs sín, t.a.m. um öflun samþykkis, ætti skólinn almennt ekki að stofna til samstarfs.

Við afgreiðslu málsins hefur komið fram að í einhverjum tilfellum hafi meistaranemar í réttartannlæknisfræði aðstoðað við framkvæmd munnholsskoðunar og röntgenmyndatöku á flóttabörnum. Þeir hafa jafnframt verið viðstaddir þegar sérfræðingar háskólans framkvæma aldursákvörðun sína út frá röntgenmyndum af flóttabörnum.

¹ Ákvæði 2.4.1, 2.5, 2.7 og 2.15 í vísindasiðareglum Háskóla Íslands

Hljóta nemendurnir af því beina eða óbeina kennslu í greiningu slíkra mynda. Þó svo að nemendurnir hafi lokið námi í tannlækningum er ljóst að viðvera þeirra gegnir fyrst og fremst kennslufræðilegum tilgangi. Varla þarf að fjölyrða um hve siðferðilega vafasamt það er að nýta sér þvingaðar aðstæður þessara barna til kennslu innan háskólans. Kennsluefni háskólans á ekki að afla með gögnum sem byggir á þvinguðu samþykki barna á flóttu.

Nú þegar hefur fengist staðfest dæmi þess að barn sem fór í aldursgreiningu út frá tannþroska við Háskóla Íslands hafi lýst því yfir að það muni aldrei stíga fæti inn í skólann né heldur sækja sér menntun við hann. Er það sérlega alvarlegt þar sem háskólinn grefur þannig ekki aðeins undan samkeppnishæfni sinni heldur bókstaflega vinnur gegn þeim markmiðum sem sett eru í stefnu skólans, HÍ21. Skólinn leggur áherslu á í stefnu sinni að fjölbreytileiki eigi að vera í fyrirrúmi þegar kemur að uppbyggingu háskólasamfélagsins og að ryðja eigi úr vegi kerfislægum hindrunum sem eru fyrir hendi t.d. með sértækum stuðningi við ákveðna hópa. Er þessi ráðagerð í ósamræmi við það markmið og er hún líklegri til þess að fjölga hindrunum heldur en að fjarlægja þær.

Háskóli Íslands er burðarás í íslensku menntakerfi bæði þegar kemur að rannsóknum og kennslu og ber af þeim sökum ríka ábyrgð gagnvart samfélaginu. Ekki hafa enn fengist svör við því hvernig háskólinn ætlar að tryggja sjálfstæði sitt t.d. í rannsóknum tengdum aðstæðum barna á flóttu eða þeim stofnunum sem annast afgreiðslu mála þeirra á sama tíma og hann sinnir þjónustu við gagnaöflum fyrir útlendingastofnun. Er það hagsmunir þessara barna en ekki síður háskólans og akademískra starfsmanna að skólinn geti sýnt fram á sjálfstæði sitt við slíkar rannsóknir. Með samningnum er grafið undan möguleikum starfsfólks á að sinna akademískum rannsóknum og vinnur háskólinn gegn einu af grunnildum sínum um akademískt frelsi.

Besta mögulega framkvæmd?

Líkt og fram kemur í leiðbeiningum EASO, Stofnun Evrópusambandsins um aðstoð við hælisleitendur, um aldurgreiningar eru röntgenmyndatökur ekki metnar heppilegasta leið til líkamsskoðunar í öllum tilfellum og er sú aðferð sett skör neðar en notkun segulómmynda (MRI). Með notkun segulómtækni þarf ekki að beita jónískri geilsun á börn en ganga skal út frá að geislunin hafi skaðleg áhrif á heilsu þeirra og hafa tannlæknar sagt það siðferðilega rangt að beita röntgengeislun við aldursgreiningar^{2,3}. Hvers vegna ætti Háskóli Íslands að sinna aldursmati út frá tannþroska með röntgenmyndum vitandi að betri aðferðir eru til staðar og þar með ganga gegn tilmælum alþjóðastofnana? Í umræðum um hugsanlegan verksamning hefur verið hamrað á því á háskólinn geti verið leiðandi í að innleiða nýjustu aðferðir og tækni við tanngreiningar með gerð samningsins. Með verksamningi þessum væri háskólinn þvert á móti að festa í sessi tiltekna tækni við aldursmat vitandi að betri aðferðafræði er til staðar, a.m.k. í sumum tilfellum.

Lagt hefur verið til að háskólinn setji ýmsa fyrirvara og kröfur við afgreiðslu þeirra mála sem berast Útlendingastofnun og að háskólinn muni ekki framkvæma tanngreiningar nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samkvæmt frásögn fulltrúa Rauða krossins sem hafa verið í samstarfi við Útlendingastofnun hefur

² British Dental Association. (2007). Response to Home Office consultation paper, *Planning Better Outcomes and Support for Unaccompanied Asylum-Seeking Children*.

³ Aynsley-Green, A. (2009). Unethical Age Assessment. *British Dental Journal*, 206(7), 337. doi: 10.1038/sj.bdj.2009.260

stofnunin ekki í öllum tilfellum fylgt eftir þeim verkferlum sem hún segist sjálf hafa sett sér. Vaknar þá spurningin hvernig Háskóli Íslands ætlar að tryggja að eftir verkferlunum sé farið og sinna eftirliti með því. Jafnframt má velta því fyrir sér hvort það falli undir hlutverk rannsóknarháskóla að gæta þess að opinberar stofnanir sinni störfum sínum.

Eftir situr spurningin hvort hagsmunir umræddra barna séu að einhverju leiti bættir með því að börnin séu aldursgreind innan Háskóla Íslands. Ekki hefur tekist að færa fullnægjandi rök fyrir því að svo sé. Þvert á móti, sé litið til þeirrar framkvæmdar sem átt hefur sér stað innan háskólans hingað til, má færa rök fyrir því að framkvæmdin hafi verið laus í reipunum og utanumhaldi verulega ábótavant. Auk þess fer EASO fram á að allir sem starfi með börnum eða fyrir þau í tengslum við aldursgreiningar skuli hljóta viðeigandi þjálfun um réttindi og þarfir barna og endurmenntun í þeim efnum⁴. Slíkt hefur ekki verið hluti af framkvæmd aldursmats innan tannlæknadeildar hingað til og er engin breyting lögð til á því í núverandi samningsdrögum. Miðað við umræður innan starfshópsins þykir líklegt að sami einstaklingur muni gera greiningarnar hvort sem það verði innan eða utan Háskóla Íslands. Þess þá heldur þurfa rökin fyrir því að háskólinn verji kröftum sínum í önnur verkefni en falla undir hlutverk hans, að vera sterkari en ella.

Annmarkar núverandi samningsdraga

Við afgreiðslu málsins var lögð fram tillaga um að óskað yrði eftir skriflegu álitu frá Siðfræðistofnun og að stofnunin tæki formlega afstöðu til aldursmats út frá tannþroska innan háskólans en sú tillaga var ekki rædd. Er það sérstaklega undarlegt í ljósi þess að á fundi með fulltrúum stofnunarinnar lýsti hluti þeirra efasemdum um aðkomu háskólans að þessari framkvæmd og var talað um óbragð í munni í því samhengi. Þar að auki hefur starfshópurinn svo gott sem ekkert fjallað um hið lagalega samband starfsmanna háskólans og þeirra barna sem rannsökuð eru.

Í markmiðum fyrirleggjandi verksamnings segir að tilgangur aldursgreiningar sé: *að varpa ljósi á aldur umsækjanda sem kveðst ekki vita eigin aldur, vera undir 18 ára aldri eða vera yfir 18 ára aldri, en gögn málsins staðfesta það ekki með fullnægjandi hætti. Ágætt er að rífa upp að grundvöllur aldursmats út frá tannþroska byggir á lögum um útlendinga⁵ og reglugerðar sama efnis. Í 39. gr. reglugerðar um útlendinga⁶ segir: „við ákvörðun á aldri skal fara fram heildstætt mat á aðstæðum einstaklings og frásagnar hans af ævi sinni en auk þess má beita líkamsrannsókn til greiningar á aldri. Leiki grunur á að umsækjandi segi rangt til um aldur skal framkvæma líkamsrannsókn til aldursgreiningar“.* Það er því aðeins í þeim tilfellum þar sem talið er að umsækjandi segi ósatt til um aldur sinn sem Útlendingastofnun er skylt að láta framkvæma líkamsrannsókn. Í öðrum tilfellum hefur stofnunin aðeins heimild til þess að beita þeim úrræðum sbr. 113. gr. laga um útlendinga. Það sætir furðu að Háskóli Íslands geri engan greinarmun á þeim líkamsrannsóknnum sem Útlendingastofnun er skylt eða heimilt að beita, í verksamningi sínum.

⁴ EASO, stofnun Evrópusambandsins um aðstoð við hælisleitendur. (2018). EASO practical guide on age assessment. 2. útgáfa.

⁵ Lög um útlendinga nr. 80/2016.

⁶ Reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

Í núverandi drögum að verksamningnum er látið að því liggja að aðeins sé um að ræða munnholsskoðun og röntgenmyndatöku samkvæmt 2. mgr. 2. gr. og 4. gr. draga umrædds samnings. Sá hluti framkvæmdarinnar sem krefst akademískrar þekkingar starfsfólks háskólans er ekki skýrt skilgreindur en það er sjálf greining myndanna og framsetning tilgátu um aldur viðkomandi barns út frá þeirri greiningu. Samt sem áður er akademískur hluti framkvæmdarinnar hryggjarstykkið í aðkomu háskólans að aldursmatinu.

Í samningsdrögum er ekki kveðið skýrt á um hver eigi að upplýsa barnið um réttindi þess sem sjúklings á meðan rannsókn stendur eða réttindi þess sem barns. Ákvæði um að barnið geti látið stöðva greininguna á hvaða tímapunkti sem er ef það æskir þess eru ekki til staðar og þá er ekkert ákvæði um að barnið geti valið kyn þess rannsakanda sem framkvæmir klíniska hluta rannsóknarinnar. Ekki er tryggt að þeir sérfræðingar háskólans sem eiga í samskiptum við börnin hljóti þjálfun og endurmenntun um það hvernig nálgast eigi aðstæður barna frá ólíkum menningarheimum og barna sem gengið hafa í gegnum erfiðar aðstæður. Engu að síður eru öll áður nefnd atriði hluti af tilmælum stofnana sem gæta eiga réttinda og hagsmuna barna⁷.

Alþjóðastofnanir hafa mælt til þess⁸ að framkvæmt sé BIA-mat (e. *best interest assessment*) áður en ákveðið er hvaða leið til aldursgreiningar er valin. Í þessum samningsdrögum virðist ekki gert ráð fyrir slíku mati, enda kom fram í máli fulltrúa Útlendingastofnunar að aðrir möguleikar á líkamsrannsókn til aldursmats hafi ekki verið kannaðir til hlítar, hvorki er varðaði aðferðafræði eða framkvæmdaraðila. Í drögum má ekki finna stafrók um ytra eða innra gæðæftirlit með framkvæmd samningsins. Þannig er hvergi fjallað um hvernig háskólinn getur fullvissað sig að Útlendingastofnun hafi farið eftir því verklagi sem hún leggur upp með eða að gerð verði úttekt á þjónustu og greiningum háskólans. Auk þess er ekki kveðið skýrt á um skyldu bæði háskólans og Útlendingastofnunar til að fylgja umræddu verklagi eða hvernig samningsaðilar geti gert breytingar á því á samningstíma.

Loks er hvergi minnst á endurmat á framkvæmd samningsins þar sem leitað er álit barna sem gengist hafa undir líkamsskoðun, talsmanna þeirra og starfsfólks Háskóla Íslands. Í nýjum drögum að samningnum hefur verið stofnað til samráðsvettvangs með óskýrt hlutverk og verksvið. Í samráðsvettvanginum er enginn fulltrúi barna eða réttargæsluaðila þeirra. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir siðfræðingum þó svo að vettvangurinn eigi að *fjalla um siðferðileg álitamál*, eins og það er orðað. Háskólinn tryggir ekki einu sinni að gögnin sem verða til við skoðunina verði hvorki nýtt til akademískra rannsókna eða kennslu.

Ímynd og traust háskólans inn og út á við

Segja má að helmingur háskólasamfélagsins samanstandi af starfsmönnum skólans. Stór hluti þessara starfsmanna hefur talið sig knúinn til þess að setja af stað undirskriftasöfnun og lýsa yfir andstöðu sinni við það að skólinn framkvæmi aldursmat út frá tannþroska á fylgdarlausum börnum á flóttu. Með því taki háskólinn að sér verkefni sem hvorki fellur undir hlutverk hans og markmið né samrýmist stefnu hans. Stúdentar sem mynda hinn helming

⁷ Barnaréttardeild Evrópuráðsins. (2017). Age assessment: Council of Europe member states' policies, procedures and practices respectful of children's rights in the context of migration.

⁸ EASO, stofnun Evrópusambandsins um aðstoð við hælisleitendur. (2018). EASO practical guide on age assessment. 2. útgáfa.

háskólsamfélagsinsins hafa lagst alfarið gegn framkvæmd þessara læknisskoðanna innan skólans. Hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykkt einróma ályktun⁹ þess efnis og Landssamtök Íslenskra stúdenta hafa tekið undir þá gagnrýni¹⁰. Jafnframt hefur jafnréttisnefnd háskólaráðs lagst einróma gegn þessari framkvæmd en *jafnrétti* er líkt og áður sagði eitt af þremur gildum háskólans. Það er vandséð hvernig skólinn getur staðið við það gildi með gerð samningsins. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur talað gegn notkun líkamsrannsókna t.d. á tönnum, sambærilegum þeim sem verksamningurinn fjallar um¹¹. Þar að auki hefur Rauði kross Íslands og UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðuþjóðanna¹² lýst sig andsnúin líkamsrannsóknum á fylgdarlausum börnum á flóttu.

Háskóli Íslands nýtur yfirburða trausts í íslensku samfélagi samkvæmt árlegum mælingum Gallup. Á seinasta ári sögðust 74% landsmanna treysta skólanum og er háskólinn sú stofnun sem nýtur þriðja mesta trausts allra ríkisstofnana á eftir lögreglu og Landhelgisgæslunni. Orðspor háskólans er það dýrmætasta sem stjórnendum skólans er trúað fyrir hverju sinni. Það er óhæft að háskólinn vilji ganga gegn tilmælum alþjóðlegra stofnana sem berjast fyrir hagsmunum barna, sinni eigin jafnréttisnefnd, starfsfólki sínu og stúdentum og tefla trausti til skólans í tvísýnu. Með framkvæmd aldursmats út frá tannþroska innan háskólans er stofnunin orðin hluti af stærri umræðu um hvort líkamsrannsóknir á börnum á flóttu eigi rétt á sér. Þar er orðspor og traust Háskóla Íslands nýtt í pólitískum tilgangi sem hann ætti að vera hafinn yfir.

Misvísandi upplýsingar við afgreiðslu málsins

Við umfjöllun þessa máls hafa rangfærslur stjórnsýslu skólans um framkvæmd aldursgreininga út frá tannþroska ítrekað komið í ljós. Á það við um hvenær tanngreiningar innan háskólans hófust þar sem skeikaði rúmum 11 árum á því sem Útlendingastofnun sagði annars vegar og háskólinn hins vegar. Upplýsingar um hvenær tanngreiningum var hætt voru rangar en á fundi með fulltrúum Rauða krossins kom fram að þær seinustu hefðu farið fram í nóvember en ekki september. Sömuleiðis hefur stjórnsýslan þrætt fyrir það að gögn sem verða til við aldursmat út frá tannþroska hafi verið nýtt með óbeinum hætti til kennslu, jafnvel á sömu fundum þar sem slíkt hefur komið í ljós. Síðast en ekki síst hafa gögn sem safnast hafa við framkvæmd læknisskoðananna hafi verið nýttar í akademískum tilgangi þvert á fullyrðingar stjórnsýslunnar. Þar með er ljóst að heilbrigðisvísindasvið hefur haft fjárhagslegan ávinning af gerð greinganna og að framkvæmdin hefur haft bein áhrif á framgang viðkomandi starfsmanna í starfi. Þessar staðreyndir hafa allar komið í ljós annað hvort í viðtölum við gesti starfshópsins eða með einfaldri leit á veraldarvefnum en voru þær ekki hluti af gögnum starfshópsins.

⁹ Stúdentaráð Háskóla Íslands. (2018). Vegna þátttöku Háskóla Íslands í aldursgreiningu hælisleitanda.

¹⁰ Landssamtök Íslenskra stúdenta. (2018). Stuðningsyfirlýsing LÍS við SHÍ vegna tanngreininga á hælisleitendum innan Háskóla Íslands.


¹¹ Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. (2017). Joint general comment No. 4 (2017) of the Committee on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of Their Families and No. 23 (2017) of the Committee on the Rights of the Child on State obligations regarding the human rights of children in the context of international migration in countries of origin, transit, destination and return.

¹² UNICEF. (2016). Yfirlýsing frá UNICEF á Íslandi og Rauða krossinum á Íslandi vegna barna á flóttu sem koma hingað til lands.

Niðurstaða

Að öllu framansögðu get ég ekki fallist á gerð verksamnings við Útlendingastofnun enda tel ég þau gögn málsins sem hníga gegn því að háskólinn geri slíkan samnings vegi mun þyngra, bæði út frá hagsmunum þeirra fylgdarlausu barna sem eiga í hlut en ekki síður hagsmunum háskólans sjálfs. Þau rök að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi við gerð aldursmats út frá tannþroska halda, að mínum dómi, ekki vatni. Ljóst er að framkvæmd aldursgreinga innan Útlendingastofnunar hefur verið í ólestri en það er ekki hlutverk Háskóla Íslands að greiða úr þeirri flækju og sjá til þess að stofnunin fylgi tilmælum alþjóðastofnana. Ég mun beita mér gegn gerð verksamnings um aldursmat út frá tannþroska innan háskólaráðs og greiða atkvæði gegn afgreiðslu samningsins.

Reykjavík, 1. mars 2019



Benedikt Traustason